



Fréttatilkynning

05 February 2024 09:10:00 GMT

## Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 8. febrúar 2024

Arion banki heldur útboð á sértryggðu skuldabréfaflokkunum ARION CBI 30 og ARION CB 27 fimmtudaginn 8. febrúar 2024.

Útboðið er með hollensku fyrirkomulagi þar sem öll samþykkt tilboð verða seld á sama verði, á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CB 24 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 99,0926.

Áætlaður uppgjörsdagur er 15. febrúar 2024. Greiða skal fyrir flokkinn með reiðufé og /eða með skiptum á ARION CB 24.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað til skuldabrefamidlan@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 8. febrúar 2024.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumans fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumans fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 8. febrúar 2024](#)